

## **Fundur í Svæðisstjórn Vatnajökulspjóðgarðs, svæði 4. haldinn á Kirkjubæjarklaustri 7. desember klukkan 9.00.**

*Mættir: Elín Heiða Valsdóttir, Ólafía Jakobsdóttir, Erla Ívarsdóttir, Leifur Þorsteinsson og Eydís Þ. Indriðadóttir sem ritaði fundargerð. Gestur fundarins var Kári Kristjánsson starfsmaður Skaftafellspjóðgarðs var*

Elín Heiða Valsdóttir setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Húns sagði frá störfum stjórnar. Rætt hefur verið um gestastofur og staðsetningu þeirra. Búið er að ákveða að halda samkeppni um gestastofur og nú þegar hefur verið skipuð dómnefnd. Hana skipa, Steinunn Valdís Óskarsdóttir formaður, Þórunn Pétursdóttir, Gísli Sverrir Árnason, Ingimundur Sveinsson, AÍ, og Páll Hjaltason, AÍ.

Rætt var um staðsetningu á gestastofu á Kirkjubæjarklaustri. Helst er horft til svæðisins sunnan Klausturvegar á bökkum Skaftár. Þar er gott útsýni m.a. til Lómagnúps og Systrastapa Reiknað er með upplýsingamiðstöð fyrir sveitarfélagið í rými gestastofunnar.

Rætt hefur verið við sveitarstjórn Skaftárhrepps um mörk garðsins og þær hugmyndir að Langisjór verði innan marka garðsins. Ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun um það en líklega verður það ekki á fyrstu stigum. Nefndarmenn þó sammála um að það ætti að vera markmið til framtíðar.

Þóra Ellen Þórhallsdóttir grasfræðingur og prófessor við HÍ og Aðalheiður Jóhannsdóttir, lögfræðingur og dósent við HÍ. hafa verið fengnar til þess að setja saman drög að reglugerð fyrir þjóðgarðinn sem reiknað er með að verði lagðar fyrir sveitarstjórnir í byrjun árs 2008.

Svæðisráðum á hverju svæði fyrir sig er ætlað að gera verndaráætlanir í samráði við sveitarstjórnir og með aðstoð umhverfisstofnunar og náttúrufræðistofnunar. Tillaga svæðisráða fyrir verndaráætlun skal send stjórn þjóðgarðs eigi síðar en 18. mánuðum eftir stofnun þjóðgarðs. Gert er ráð fyrir að leita aðstoðar náttúrustofa og háskóla setra og fá t.d. mastersnema til þess að vinna að áætluninni.

Starfsmanni stjórnar og formanni hefur verið falið að móta samninga við þjónustuaðila á svæðinu um landvarðastöðvar. Svæðisstjórn telur best að gerður verði rammi að samningi sem hægt verður að nýta í samningagerð við ferðafélög og einkaaðila á öllum svæðunum 4. Reiknað er með að gerður verði samningur við ferðaþjónustuaðila í Hrauneyjum, Ferðafélag Íslands v. Sumarstarfsemi í Nýjadal. Mikilvægt er að gott eftirlit sé með starfsstöðvunum og góð samvinna allra landvarða svæðisins. Mikilvægt er að hagsmunir náttúruverndar séu hafðir að leiðarljósi.

Kári sagði frá vinnu Skaftafellspjóðgarðs og samvinnu nefndarinnar við Skaftárhrepp. Lögð var fram tillaga hennar um skipulag í Lakagígum og áætlunir um störf nefndarinnar sumarið 2008. Einnig fylgdi greinargerð með tillögunni. Í tillögunni er gert ráð fyrir landvarðastöð í Laka og aðstöðu í Galta fyrir ferðamenn þar sem væri hreinlætisaðstaða, geymslur og upplýsingaskilti. Einnig kynnti hann hugmyndir nefndarinnar um þarfir

gestastofu á Kirkjubæjarklaustri. Hugmyndirnar eru tengdar nýrri aðkomuleið að Lakagígum með tengingu austan Kirkjubæjarklausturs, fram hjá Blæng, sem kynnt hefur verið af Miðhálandisnefnd og er í skipulagsferli. Umræður urðu um nauðsyn þess að sækja fjármagn til uppbyggingar landvarðastöðvanna og vegarins. Setja þarf í gang vinnu við hönnun og skipulag. Greinilegt er að fjármagn til Lakasvæðisins hefur verið vanáætlað í fyrstu hugmyndum að skipulagi Vatnajökulsþjóðgarðs. Rætt hefur verið við sveitarfélagið um aðstöðu í Blágili sem nýtt hefur verið. Einnig sagði Kári frá forvarnaráætlun sem unnin hefur verið fyrir þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum.

Sigurður kynnti hugmyndir að skipulagi gönguleiða í Vonarskarði og nágrenni Nýjadals. Í hugmyndunum er gert ráð fyrir gönguleið vestan Deilis í Vonarskarði. En gert verði ráð fyrir bíslóðinni austan Deilis. Sýndar voru ljósmyndir af hverasvæðinu í Vonarskarði og af gönguleiðinni þaðan og vestur í Nýjadal.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið klukkan 10.55